STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1988

14. júlí 1988 835 Nr. 361

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 320/1981 um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.**

1. gr.

22. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Síldarsöltunarstöðvar skulu hafa nægjanlegt geymsluhúsnæði fyrir alla saltaða síld, þannig að unnt sé að geyma hverja síldartegund við réttar aðstæður. Tunnur skal geyma í geymsluhúsi á undirlögum þannig að þær nemi ekki við gólf. Geymsluhús skulu vera vel loftræst.

Í geymsluhúsnæði fyrir sérverkaða síld skal vera hægt að halda lofthitastigi +8°C til +10°C án tillits til verðáttu.

2. gr.

28. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Tunnur með sérverkaðri síld skal strax að loknum tilslætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi er haldið +8°C til +10°C, sbr. 22. gr. og geyma þær þar, þar til síldin er verkuð eða í a. m. k. 4 vikur.

Tunnur með léttverkaðri síld skal strax að loknum tilstætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi skal haldið stöðugu milli −5° til +4°C.

3. gr.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að veita vinnslustöðvum sem söltuðu síld á haustvertíðinni 1987, undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 2. gr. fram til 1. september 1990, enda leggi stöðvarnar fram ítarlega áætlun um hvernig kælirými verður komið upp.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að ákveða að undanþága sem veitt er aðilum, frá ákvæðum reglugerðarinnar fram til 1. september 1990, nái ekki til sérverkaðrar síldar fyrir ákveðinn markað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 422/1986.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1988.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

B 60

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg